

103. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 28. október 2019 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Kristjana Helga Ólafsdóttir varaformaður
Helgi Pétur Ottesen
Björn Guðmundsson
Karitas Jónsdóttir varamaður
Guðmunda Maríasdóttir fulltrúi starfsmanna
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

1) Vistunarmál

Samþykkt vistun fyrir two einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

2) Rekstraryfirlit 1. janúar til 31. ágúst 2019

Lagt fram.

3) Fjárhagsáætlun 2020-2023

Samkvæmt framlagðri áætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að rekstrartekjur Höfða nemi 1.011,3 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta nema 969,3 mkr. Afskriftir nema 25,8 mkr. og fjármagnsliðir nema nettó 16,1 mkr. Tap af rekstri nemi 14,9 mkr. Handbært fé til rekstrar nemi 18 mkr., fjárfestingahreyfingar nemi 85 mkr. og fjármögnumnarhreyfingar nemi 82 mkr. Lækkun á handbæru fé nemur 20,9 mkr. og að handbært fé í árslok verði 128 mkr. Lögð fram til fyrri umræðu ásamt greinargerð framkvæmdastjóra.

4) Gjaldskrá Höfða

Stjórn Höfða samþykkir framlagða tillögu framkvæmdastjóra um nýja gjaldskrá fyrir verð á útseldu fæði frá Höfða. Verð pr. máltíð hækki úr kr. 1.060 í kr. 1.090 eða um 2,8%. Hækkun tekur gildi frá og með 1. janúar 2020.

5) Afskriftir viðskiptakrafna

Tillaga frá framkvæmdastjóra um afskriftir þriggja krafna.
Stjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögu að fjárhæð kr. 59.772.

6) Minnisblað Mannvits

Minnisblað Mannvits um kostnað við endurnýjun þak- og veggjaklæðninga á 2. áfanga Höfða.
Stjórn Höfða felur framkvæmdastjóra að vinna áfram með málið.

7) Minnisblað SFV til fjárlaganefndar Alþingis vegna beiðni um aukin framlög á fjárlögum fyrir árið 2020.

Lagt fram.



The image shows several handwritten signatures and initials in blue ink, likely belonging to the members of the board mentioned in the document. The signatures are somewhat stylized and overlapping, making individual names difficult to decipher precisely. Some recognizable initials include 'H.M.' and 'KJ'.

8) Tilboð Auðnast í EKKO veitu

Stjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins og felur framkvæmdastjóra að kanna með samstarf við Akraneskaupstað um meðferð EKKO mála (einelti, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og ofbeldis).

9) Fundargerðir framkvæmdanefndar, dags. 25.sept., 9.okt., 16.okt. og 23.okt.

Lagðar fram.

10) Starfsmannamál

Trúnaðarmál.

Afgreiðsla trúnaðarmál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30

Jónína H. Þorvaldsson
Kárlas Jónsdóttir
Jóhanna Óttósson
Guðrún Þórasdóttir
Björn Guðmundsson
Vilhjálmur Vilmundur